

1873.

14. janúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lausn frá nafnbót.

Með þessu bréfi gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að dómsmálastjórnin hefir 30. f. m. sent hans hátign konunginum þegnlega skýrslu um, að fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæmi Íslands J. P. Havstein hafi sagt af sér amtmanns nafnbót þeirri, sem honum bar, og fellur skylda hans til að greiða nafnbótar-skatt burtu frá desbrm. sem leið, samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

31. janúar.

4. Anglýsing fjárhagsstjórnarinnar, um skipti á innlendum ríkisskuldabréfum, sem eigi verður sagt upp, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, fyrir rentuklippinga-skuldabréf, og um að þau verði tekin upp í innskriftarbókina, og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

Með því fjárhagsstjórnin verður að æskja þess, að innlend ríkisskuldabréf, sem eigi verður sagt upp frá eigandans hálfu, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, og rentuklippingar ekki fylgja, verði felld úr gildi að svo miklu leyti sem unnt er, skorar hún á eigendurna, að senda þau til jarðabókarsjóðsins áleiðis hingað, til þess að höfð verði skipti á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabréf, sem ávallt hljóða uppá handhafann, eða þau verði tekin upp í innskriftarbók þá, sem til þess er ætluð í ríkisskuldaskrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Skipti verða að eins höfð á ríkisskuldabréfunum, eða þau tekin upp í innskriftarbók, svo heilum hundruð ríkisdölum skiptir. Minni skuldabréf eða það, sem er fram yfir heil hundruð, verður borgað eftir gangverði því, sem á skuldabréfin er sett á kaupmannahöllinni hér þann dag, sem þeim er hingað skilað.

Hin gömlu skuldabréf, sem látin eru af hendi samkvæmt

1873.

31. janúar.

Þessari áskorun, verða send frá jarðabókarsjóðnum til fjárhagsstjórnarinnar á kostnað ríkissjóðsins. Ef ekkert er því til fyrirstöðu, að skipti verða höfð á skuldabréfunum eða þau tekin upp í innskriftarbók eða borguð út, verða hin nýju skuldabréf eða innskriftarskýrteini, sem gefin eru út á Dönsku, send hððan til jarðabókarsjóðsins á sama hátt, til þess þau verði þar afhend hlutaðeigendum, eða ráðstafanir gjörðar til þess að borga úr sama sjóði það, sem gefið hefir verið fyrir skuldabréfin í peningum.

Þau ríkisskuldabréf, sem á að hafa skipti á eða sem á að borga út að öllu eða nokkru leyti, verða að hljóða uppá handhafa eða vera afsöluð honum með réttu móti, og verður heimild þess, sem afsalar, að fylgja, þegar hennar þarf við. Að öðru leyti verður það að vera komið undir hverjum einum sjálfum, að bæta á eiginn kostnað úr misferlum þeim á heimildum sínum, sem koma fram við rannsóknina í fjárhagsstjórninni, og sem hún mun skýra þeim frá, er sendi.

Með tilliti til afnota innskriftarbókarinnar skal leiða athygli manna að því, sem hér er sagt:

Frá því, hver eigandinn sè, skal vera skýrt nákvæmlega og út í æsar. Sè hann eigi sjálfur fjárins ráðandi, verður að bæta því við, hver hafi umráðin yfir því og hver hafi yfrumsjónina. Sèrhver eigandi getur að eins látið rita nafn sitt á einn stað í innskriftarbókinni og að eins átt eitt innskriftarskýrteini, sem hvorki má afsala nè selja. Æski eigandinn að auka upphæð þá, sem tekin er upp í innskriftarbókina, getur hann sent jarðabókarsjóðnum áleiðis hingað innskriftarskýrteini sitt ásamt þeim skuldabréfum, sem bætzt hafa við. Á sama hátt getur hann sent það hingað með þeim skilríkjum, sem með þarf, þegar ríkisskuldaforstjórinn á að rita á það vottorð um breytingu, sem orðið hefir á umráðunum yfir því, án þess það sè orðið eign annars manns, t. a. m. ef fjárhaldsmaður fær það eigandanum í hendur, vegna þess hann er orðinn myndugur, eða þegar gefa á út nýtt innskriftarskýrteini sökum þess að annar maður verður eigandi að því, án þess að afsal eigi sèr stað, t. a. m. ef kona á skýr-

1873.

31. janúar.

teinið og hún giptist, ekkja tekur við óskiptu búi, eða einarfi við dánarbúi, eða að endingu þegar mælt er til þess í afsalsbrèfi, sem hlutaðeigandi skjalaritari hefir staðfest, að upphæð, sem rituð er í innskriftarbók, verði flutt yfir á annan nafngreindan eiganda í innskriftarbókinni. Æski nokkur aptur á móti að taka upphæð út úr innskriftarbókinni, — en hún fæst að eins í rentuklippinga-skuldabréfum, sem eigi verður sagt upp, og sem ávallt hljóða uppá handhafann — verður hann að láta mann skila innskriftarskýrteini sínu til ríkisskulda-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, og skal hann hafa gefið þessum manni tilhlýðilega staðfest umboð til þess að skrifa undir eins og með þarf í þessu skyni í sjálfa innskriftarbókina og taka við hinum nýju rentuklippinga-skuldabréfum í ríkisskulda-skrifstofunni og kvitta fyrir þau. Fyrir hvert skuldabréf skal borga 48 sk., en nýtt innskriftarskýrteini fæst ókeypis. Jarðabókarsjóðurinn má ekki, hvernig sem á stendur, borga vexti af innskriftarskýrteinunum á annan hátt, en fjárhagsstjórnin hefir fyrir lagt samkvæmt innskriftarbókinni. Af innskriftarskýrteinum þeim, sem gefn eru út fyrir fê opinberra stofnana eða sjóða og sem eru merkt með stafnum C., verða vextirnir borgaðir út án þess að innskriftarskýrteinin sé sýnd gegn kvittun þess manns, sem stjórn stofnunarinnar hefir skýrt fjárhagsstjórninni frá að hafi heimild til þess að taka við vöxtunum. Af innskriftarskýrteinum einstakra manna, sem merkt eru með stafnum D., verða vextirnir borgaðir gegn kvittun þess, sem ráð hefir yfir fênu, nema hann hafi beðið um, að þeir verði borgaðir öðrum, og verður að leggja þesskonar innskriftarskýrteini fram í hvert skipti við jarðabókarsjóðinn, til þess að borgun vaxtanna verði rituð á þau, eða vottorð verður að fylgja með kvittuninni frá einhverju yfirvaldi um, að annaðhvort hafi yfirvaldið sjálft ritað borgun vaxtanna á innskriftarskýrteinið um leið og vottorðið var gefið, eða að það hafi verið gjört í viðurvist yfirvaldsins.

Í fyrstu stjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar, 31. dag janúarm. 1873.

Levy.

J. A. Hasselberg.